

Heimsmet í nýtingu fisks?

Samkvæmt nýrri samantekt Íslenska sjávarklasans eru um fjórtíu fyrirtæki í landinu sem vinna verðmæti úr hliðarafurðum sjávarafurða. Að því að best verður séð virðist engin önnur þjóð í okkar heimshluta komast nálægt Íslandi í sérhæfingu á þessu sviði, fjölda fyrirtækja og hlutfalli nýtingar á fiski. Hver er velta þessara fyrirtækja, hvernig má enn gera betur í nýtingu hliðarafurða á Íslandi og getum við flutt út meiri þekkingu á þessu sviði? Þessum spurningum verður svarað í greiningu Sjávarklasans.


Hvað er fullvinnsla hliðarafurða?

Fullvinnsla hliðarafurða er skilgreind hér sem nýting á öllum þörtum fisksins öðrum en fiskflakinu. Auðvitað má segja að það sé ekkert sem kalli á að flakið sé skilgreint sem aðalafurð og aðrir hlutar sem hliðarafurðir en hér er það gert til einföldunar. Eina haldbæra ástæðan fyrir því að nefna nýtingu annarra hluta fisksins hliðarafurðir er að enn í dag er þessum afurðum hent í flestum löndum og þótt nýting hér sé mun betri en í öðrum löndum má enn auka hlutfall hliðarafurða sem eru nýttar hérlendis. Samkvæmt athugunum Sjávarklasans nýta Íslendingar um 80% af hverjum hvítfiski en sambærilegar tölur fyrir nágrannalönd okkar benda til þess að nýting í þeim löndum sé um 45–55%. Þarna er um veruleg verðmæti að ræða sem fara í súginn hjá öðrum þjóðum; umtalsverð verðmæti fyrir þessar þjóðir og þá aðila sem hafa þekkingu og tækni til að nýta þessar hliðarafurðir.

Kortlagning fyrirtækja sem nýta hliðarafurðir

Um nokkurt skeið hefur Sjávarklasinn unnið að öflun gagna um fyrirtæki sem vinna með hliðarafurðir. Samkvæmt athugunum klasans eru þau fyrirtæki, sem klasinn hefur aflað sér upplýsinga um á fimmta tug talsins. Haft hefur verið samband við stóran hluta þessara fyrirtækja og aflað almennra upplýsinga m.a. veltu þeirra

og áætlanir. Þá var stuðst við útflutningstölur Hagstofu Íslands. Velta í lýsisframleiðslu var röskir 11,2 milljarðar á árinu 2018. Velta í sölu þurrkaðra eða frystra hausa var tæpir 4,7 milljarðar og í lifrarvinnslu tæplega 3,7 milljarðar. Velta í hrognaframleiðslu var röskegla 1,2 milljarðar. Útflutningur á marningi og fiskafskurði nam um 1,6 milljörðum. Þau fyrirtæki, sem sinna bróðurparti niðursuðu á lifur, lýsisframleiðslu, þurrkun og hrognavinnslu eru tæplega 20 talsins. Þessi fyrirtæki velta tæplega 21 milljarði króna. Mörg þessi fyrirtæki eiga sér langa sögu og hafa fest sig í sessi á alþjóðlegum mörkuðum.



Það sem er hvað áhugaverðast við þessa kortlagningu er fjöldi nýrra fyrirtækja, sem orðið hafa til á undanförunum tíu árum og sinna margvíslegri áframvinnslu hliðarafurða. Hér er um að ræða um 20 fyrirtæki og rösklega helmingur þeirra hefur verið stofnaður á undanförunum tíu árum. Þau sem eru einna elst í þessum hópi eru m.a. Ensímtækni og Norður sem vinna ensím úr þorski og Primex sem vinnur prótín úr rækjuskel. Nýrri fyrirtæki eru t.d. Kerecis, Genis, Ankra, Codland og Lipid svo einhver séu nefnd.


Dæmi um verkefni þeirra 20 fyrirtækja sem hafa orðið til á undanförunum árum:

- 📍 **Fiskroð sem lækningatæki**
- 📍 **Snyrtivörur með ensímum og kollageni**
- 📍 **Barnameðul úr fiskiolíum**
- 📍 **Nýting á fiskafgöngum til prótínframleiðslu**
- 📍 **Fiskiroð sem dýrafóður**
- 📍 **Fiskafskurður sem prótín eða matvæli**
- 📍 **Skeljar sem prótín**
- 📍 **Tískufatnaður og aukahlutir úr fiskleðri**
- 📍 **Fiskroð sem gelatín eða kollagen**

Þau nýju fyrirtæki, sem stofnsett hafa verið á síðustu árum eða áratug eiga það sameiginlegt að byggja á rannsóknum og þróun og skila þannig auknum verðmætum út úr hverju kíló af hliðarafurðum. Þar sem mörg þessara fyrirtækja eru enn á sprotastigi er útflutningur margra þeirra enn lítill. Gera má ráð fyrir að þessi 20 fyrirtæki velti samtals um 4-5 milljörðum króna. Hlutabréf í sumum þessara fyrirtækja, ekki síst þeirra sem hafa þróað verðmætustu afurðir úr hliðarafurðum, eins og til lækninga eða í snyrtivörur, eru þegar metin á margfalt hærra verð en sem nemur veltu þeirra.

Á listanum er ekki meðtalin fyrirtæki sem nýta hliðarafurðir að óverulegu leyti í framleiðslu sinni. Sum þeirra nýta íslenskar hliðarafurðir í matvæla- eða gosdrykkjaframleiðslu, afskurð eða marning í matvælaframleiðslu og vökvi sem fellur til við blóðgun er nýttur í prótínvinnslu, svo eitthvað sé nefnt. Töluvert fleiri íslensk fyrirtæki eru því á einn eða annan hátt tengd áframvinnslu hliðarafurða.

Myndin hér að neðan sýnir hvar fyrirtæki í nýtingu hliðarafurða eru staðsett á landinu. Þarna sést vel hversu dreifð um landið þessi fyrirtæki eru.



Góður árangur en...

Í skjóli öflugs íslensks sjávarútvegs hefur um árabíl verið til staðar þyrping fyrirtækja sem sinnt hafa því hlutverki að vinna úr hliðarafurðum úr sjávarútvegi. Nú er svo komið að Íslendingar geta hiklaust fullyrt að þjóðin er leiðandi í hagnýtingu aukaafurða úr fiski í heiminum.

Sá árangur sem náðst hefur hingað til hefur ekki síst náðst með góðu samstarfi útgerðafyrirtækja, frumkvöðla og rannsóknastofnana á borð við Matís (og fyrirrennara þess, RF). Mikilvægt er að hlúa áfram að grunnrannsóknum sem eru forsenda áframhaldandi árangurs á þessu sviði. Stofnun eins og Matís gegnir þar lykilhlutverki ásamt háskólum. Fjöldmörg þeirra fyrirtækja, sem náð hafa hvað lengst í áframvinnslu, urðu til hjá innlendum rannsóknarstofnunum.

Þá er áhyggjuefni ef samkeppnisstaða innlendarar fiskvinnslu versnar og meira verði flutt út af óunnum fiski. Stjórnvöld og atvinnulíf þurfa að róa að því öllum árum að treysta samkeppnisstöðu fiskvinnslunnar svo tryggja megi áframhaldandi fiskvinnslu hérlendis.

Það er ekki nóg að ætla opinberum sjóðum að útvega bróðurpart þess fjár sem þarf til rannsókna og þróunar í nýjum sjávarútvegi. Til þess þurfum við öfluga fjárfestingarsjóði og betri tengingar sjávarútvegs og heilsuiðnaðar. Þótt grunnrannsóknir skipti afar miklu máli þá þarf einnig að efla þekkingu fjármálamarkaðar á þessu sviði. Hérlendis eru fáir fjárfestar, sem hafa viðtæka þekkingu á líftækni tengdri hafinu. Forsenda áframhaldandi uppgangs á þessu sviði er að áhættufé sé til staðar. Í þeim efnum þarf að efla tengsl við miðstöðvar líftæknifjárfestinga eins og á Norðurlöndum, Bandaríkjunum og víðar.

Tækifæri í tækni

Vaxandi áhugi er á hverskonar nýtingu hliðarafurða víða um heim. Sjávarklasin telur að tækifæri liggi í því að framleiðendur á vinnslutækni sjávarafurða bjóði heildstæðar lausnir við að vinna allan fiskinn, ekki einungis flökin. Þessi tækni er til víða um land en ekki hefur tekist að sameina þessar einingar og bjóða þannig heildarþakka á þessu sviði. Að því ber að stefna.

Fyrir frekari upplýsingar, vinsamlegast hafið samband við Þór Sigfússon eða Bertu Daníelsdóttir í síma 577-6200.